



Til:  
Efni:  
Upplýsingar:

Sigurður Ásbjörnsson <Sigurdur@skipulag.is>

Re: Tillaga að matsáætlun vegna stækkunar kjúklingabús Matfugls að Hurðarbaki, Hvalfjarðarsveit  
Sent: 05/12/2016 12:11:52 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2016110014, Bréfalyklar: 42-2 um matskýrslur/matsáætlanir

Tilvísun í mál: 2016110014

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts og bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 17. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um stækkun kjúklingabús Matfugls að Hurðarbaki, Hvalfjarðarsveit.

Margir þeirra umhverfisþátta sem skipta máli í mati á umhverfisáhrifum fyrir framangreint kjúklingabú, s.s. lyktarmengun, sýkingarhætta og útfærsla fráveitumála, falla að mestu fyrir utan almennt hlutverk Náttúrufræðistofnunar. Framkvæmdasvæði fyrir stækkun kjúklingabúsins verður á þegar ræktuðu landi og því á ekki að vera hætta á raski á náttúrulegum svæðum þess vegna og ekki líklegt að náttúruminum, friðlýstum tegundum eða tegundum á valista verði spillt á byggingarsvæðinu. Byggingar verða auk þess í hefðbundnu landbúnaðarlandi.

Í matsáætlun er gert ráð fyrir að fjalla um magn og meðhöndlun hæsnaðs og fráveitumál. Fjalla þarf vel um hvernig verður komið í veg fyrir að mengun frá búinu, næringarefnaþingun/annað, geti borist í Laxá, góð laxveiðiá, sem rennur í Grunnafjörð sem er friðlýst svæði og einnig Ramsarsvæði.

Í kafla 4.6 segir að lagt verði einfalt mat á grunnvatnsstöðu á svæðinu og dreifingu grunnvatns út frá jarðfræði svæðisins og gert grein fyrir nærliggjandi vatnsbólum eins og þekkt er. Náttúrufræðistofnun er ekki alveg ljóst hvað átt er við með því að leggja einfalt mat á grunnvatnsstöðu. Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf framkvæmdaraðili að sýna fram á að gæði þeirra rannsókna eða kannana sem verða gerðar vegna mats á umhverfisáhrifum séu nægjanleg, m.a. til að sýna fram á hvaða mótvægisáðgerðir þarf að ráðast í eða ekki út frá aðstæðum, svo draga megi af þeim þær niðurstöður/ályktanir sem kunna að vera lagðar fram í frummatsskýrslu. Það er því fyrirfram ekki hægt að fullyrða um hvort einfalt mat sé nægjanlegt eða ekki.

Náttúrufræðistofnun vill benda á að þó mat á áhrifum tiltekinna umhverfisþátta virðist vera augljóst, t.d. í augum framkvæmdaraðila eða annarra s.s. umsagnaraðila, þá beri að skýra skilmerkilega frá öllum umhverfisáhrifum þó ekki sé talin ástæða til að leggja fram mikil eða ítarleg gögn. Tilgangur mats á umhverfisáhrifum er m.a. að upplýsa um áhrif tiltekinna framkvæmda og hvernig megi koma í vega fyrir neikvæði áhrif og að almenningur og aðrir sem hagsmuna hafa að gæta geti komið að málinu með upplýstum hætti. Á þetta er bent því bæði í kafla 4.7 og 4.9 er lagt til að ekki verði frekari umfjöllun um annars vegar landnotkun og hins vegar sjónræn áhrif. Hvort hér sé átt við að umfjöllunin í frummatsskýrslunni verði ekki umfangsmeiri en hún er í matsáætluninni skal ekki lagt mat á en það má vera augljóst að ekki er hægt að sleppa umfjöllun um þessa umhverfisþætti eða aðra nema að þeir eigi alls ekki við en svo er ekki í þessu tilfelli þó áhrifin séu ekki talin mikil.

Virðingarfyllt

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)  
212 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is



Frá: Sigurður Ásbjörnsson <Sigurdur@skipulag.is>

Dags: 18.11.2016 10:38:21

Til: "skuli@hvalfjardarsveit.is" <skuli@hvalfjardarsveit.is>, "hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is" <hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is>, "heilbrigðiseftirlit@vesturland.is" <heilbrigðiseftirlit@vesturland.is>, Kristinn Magnússon <kristinn@minjastofnun.is>, "mast@mast.is" <mast@mast.is>, Trausti Baldursson <trausti@ni.is>, Aðalbjörg B. Guttormsdóttir <birnag@umhverfisstofnun.is>, Björn Stefánsson (bjorn@umhverfisstofnun.is) <bjorn@umhverfisstofnun.is>

Efni: Tillaga að matsáætlun vegna stækkunar kjúklingabús Matfugls að Hurðarbaki, Hvalfjarðarsveit.

Góðan dag

Skipulagsstofnun var rétt í þessu að póstleggja til ykkar tillögu að matsáætlun fyrir stækkun kjúklingabús að Hurðarbaki í Hvalfjarðarsveit. Með tillögunni fylgir beiðni um umsögn. Frestur til að skila umsögnum er til 5. desember nk. Tillagan fylgir með í viðhengi ef það mætti verða til að greiða fyrir umsögn um hana. Umsagnaraðilar eru: Hvalfjarðarsveit, Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, Matvælastofnun, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst,

Sigurður Ásbjörnsson

---

**Sigurður Ásbjörnsson**

sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment  
Skipulagsstofnun - National Planning Agency  
Laugavegur 166, 150 Reykjavík, Ísland - Iceland  
sími 595 4100, fax 595 4165  
sigurdur@skipulag.is  
www.skipulag.is  
www.facebook.com/skipulagsstofnun



- 1877-009-002-MAT-001-V05 Matfugl Tillaga að matsáætlun.pdf